

LÖG

um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 (endurgreiðslur).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

- a. 4. málsl. 5. mgr. og 2. málsl. 6. mgr. falla brott.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ríkissjóður endurgreiðir kostnað sveitarfélaga vegna barnaverndarþjónustu sem veitt er skv. 5. og 6. mgr. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um þjónustu og endurgreiðslur úr ríkissjóði samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 19. mars 2024.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Ásmundur Daðason.